

## Fundur í stjórn félags náms- og starfsráðgjafa.

Miðvikudaginn 8. júní kl. 14:00 í Kringlunni

**Mættir:** Ingibjörg, Unnur, Soffía, Puríður, Kristín Birna og Margrét var á Skype. Ragnhildur, Bjarney og Henný voru mættar úr fræðslunefnd.

1. Kynning á nýrri stjórn – skipan í nefndir
  - a. Soffía áfram gjaldkeri
  - b. Unnur áfram ritari
  - c. Margrét áfram í norrænni samstarfsnefnd

### 2. Staða mála:

#### Ályktun

Búið að senda ályktun vegna skýrslu um stefnumótun í náms- og starfsráðgjöf út um allt eins og samþykkt var á aðalfundi 2016. Engin viðbrögð hafa borist nema frá Guðbjörgu Vilhjálms sem hrósaði framtakinu og frá einum sem var í nefndinni og var mjög sáttur við þessa ályktun. Við munum ítreka aðgerðir í haust og jafnvel senda út ítarlegri fréttatilkynningu.

#### Lögverndun náms- og starfsráðgjafa

Þurfum að móta betur bréf og eiga inn á google drive, hafa það handtækt ef það þarf að senda það út til skóla/skólaskrifstofa ef verið er að ráða aðra en n&s ráðgjafa í stöður náms- og starfsráðgjafa. Munum senda út bréf á alla skóla og stofnanir og minna á hlutverk náms- og starfsráðgjafa og lögverndum starfsheitisins.

#### Stéttarfélagsmál – staðan

Ingibjörg og Helga Tryggva ætla að senda út kynningarbréf til félagsmanna á póstlistann í júní með upplýsingum um stéttarfélagsmálin. Svo verður lögð fyrir könnun í ágúst/sept.

#### Sumarnámskeið grunnskólaráðgjafa í samvinnu við Evrópumíðstöð náms- og starfsráðgjafar

Soffía og Margrét skipuleggja námskeiðið sem verður líklega haldið í september. Stjórn FNS fékk styrk frá KÍ til að halda námskeið sem er eyrnamerkt grunnskólaráðgjöfum en þar sem málefnið verður áhugavert fyrir alla náms- og starfsráðgjafa verður öllum boðið að taka þátt í því. Dóra Stefánsdóttir hjá Rannís ætlar að halda námskeið fyrir náms- og starfsráðgjafa og er hugmyndin að hafa þessi tvö námskeið á sama degi.

#### Ráðstefna IAEVG – hópferð

Verið er að leggja lokahönd á hópferð á IAEVG ráðstefnu í Madrid í nóvember. Beðið er eftir endanlegum upplýsingum frá ferðaskrifstofu til að getað bókað sig í ferðina. Félagsmenn fá upplýsingar í gegnum fns póstinn.

### Stóra framhaldsskólakynningin í haust

Höfum ekkert heyrt – en gert verður ráð fyrir framhaldsskólakynningu á Íslandsmóti iðn- og verkgreina 29. sept. til 1. okt. 2016. Á síðustu kynningu lék FNS stórt hlutverk það kemur í ljós hvert hlutverk okkar verður núna.

### Hlutverk fræðslunefndar

Uppskeruhátíð námsbrautar náms- og starfsráðgjafar verður 12. sept. Námsbrautin skipuleggur uppskeruhátíðina en FNS býður upp á veitingar.

Dagur n&S ráðgjafa – Dagurinn á 10 ára afmæli í ár 20. október 2016. Jónína Kárdal var með tillögu að fyrirlesara á þessum degi frá University of Minnesota, skoðum þetta frekar eftir sumarfrí. Annars var hugmynd að halda upp á daginn með því að fara í heimsókn út á landi og hafa þar með sambland af kynningu, fræðslu og skemmtun.

Fræðsluerindi – fræðslunefnd mun funda og finna skemmtileg fræðsluerindi fyrir næstu viku út frá markmiðum starfsársins.

### Hlutverk upplýsinga og kynningarmálanefndar

Hugmyndin er að vera búinn að gera bækling til að kynna hlutverk n&s ráðgjafa á Íslandsmótinu í haust. Verðum styrkt af Evrópumíðstöðinni. Nefndin ætlar að hittast og kasta fram hugmyndum.

#### 1. Önnur mál

##### Félagatalið

Þurfið setur sig í samband við Olgu sem setur hana inn í málið. Þangað til heldur Olga áfram með póstlistann.

Þurfum að bæta nýjum stjórnarmeðlimum inn á [fns@fns.is](mailto:fns@fns.is) Ingibjörg ætlar að ræða þetta við Olgu.

Fundi slitið klukkan 15:50

Næsti fundur boðaður fimmtudaginn 25. ágúst klukkan 14:00

Stefnumótunarfundurinn með öllum nefndum og ráðum FNS verður föstudaginn 2. september milli klukkan 14:00 og 16:00